

4+

four
esses

FARM

MIMIQ[®]

LEIÐBEININGAR

MARKMIÐ LEIKSINS

Að safna sem flestum slögum með þremur eins spilum í lok leiksins.

INNIHALD

- 34 SPIL
- LEIÐBEININGAR

UNDIRBÚNINGUR

- Einn leikmannanna stokkar spilin.
- Hver leikmaður dregur þrjú spil á hönd.
- Restin af stokknum er settur á borðið með framhliðina niður.
- Leikmenn mega alltaf skoða spilin sem þeir hafa á hendi.
- Yngsti leikmaðurinn byrjar og haldið er áfram réttssælis.

Ef leikmaður dregur þrjú eins spil í upphafi leiks, setur hann spilin aftur í bunkann, stokkar hann og dregur svo önnur þrjú spil.

LEIKREGLUR

Þegar leikmaður A á leik spyr hann einn af andstæðingum sínum (leikmann B) um spil sem samsvarar einu af spilunum sem hann hefur á hönd til að safna í slag. Leikmaður A spyr svona: „**Átt þú...**“ og gerir svo svipinn sem er sýndur á spilinu sem hann vill fá (t.d. togar í eyrun á sér og lokar öðru auganu).

Ef leikmaður B á eitt eða fleiri af spilinu sem beðið er um:

- Verður hann að gefa leikmanni A spilið/spilin.
- Ef leikmaður A á núna þrjú eins spil leggur hann þau fyrir framan sig.
- Leikmaður A má halda áfram að spyrja aðra leikmenn um spil þar til hann getur ekki fengið fleiri.

Ef leikmaður B á ekki umbeðið spil:

- Hann rekur út tunguna til að láta vita að hann eigi ekki spilið.
- Leikmaður A dregur eitt spil úr bunkanum eða af hönd annars leikmanns ef bunkinn er búinn.
- Næsti leikmaður á leik.

Jóker

Á jókerspilinu er mynd af öllum húsdýrunum í spilinu. Leikmaður getur valið svip eins þeirra til að biðja andstæðing sinn um samskonar spil. Þegar búið er að nota jókerinn er hann tekinn út leiknum.

Ef leikmaður á engin spil á hönd þegar hann á að gera, dregur hann eitt spil úr bunkanum eða af hönd annars leikmanns ef bunkinn er búinn.

LEIKSLOK

Sá leikmaður sigrar sem er með flest spil þegar búið er að safna öllum spilunum í þriggja spila lagi.